

*Sigríður Á. Ásgrímsdóttir*  
*Brautryðjandi í verkfræði*  
*Viðurkenning Kvennanefndar VFÍ*  
*2013*

**Sigríður Ágústa Ásgrímsdóttir** er fædd í Reykjavík árið 1943, elst fjögurra systra. Hún bjó í foreldrahúsum á menntaskólaárunum en varð að standa á eigin fótum eftir stúdentspróf. Háskólanám var dýrt en með aga, hörku og hjálp lána, styrkja og sumarvinnu tókst Sigríði að sigrast á öllum hindrunum á menntaveginum. Hún lauk fyrirhlutaprófi í verkfræði frá Háskóla Íslands árið 1966 en hélt síðan til frekara náms í Noregi. Sigríður lauk prófi í rafmagnsverkfræði frá Norges Tekniske Høgskole (NTH) í Þrándheimi árið 1968. Hún er fyrsta íslenskra konan sem lýkur námi í þeirri grein verkfræðinnar. Árið 1996 bætti Sigríður við sig háskólagráðu þegar hún brautskráðist með meistaraþróf í hagfræði frá Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Lokaritgerð hennar er þverfaglegt brautryðjendaverk um verðmæti náttúru og umhverfis.

Sigríður sérhæfði sig í upphafi í heilbrigðistækni og vann sem sérfræðingur hjá Sentral Institutt for Industrial Forskning og Rikshospitalet í Osló á árunum 1968–1969. Sigríður fluttist þá til Íslands og vann við könnun á húshitunarmálum á vegum Orkustofnunar á árunum 1969–1970. Næstu árin starfaði hún hjá Innlagnadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur en flutti sig síðan til Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK). Þar starfaði Sigríður á áætlanadeild fram til 1975 en þá hófst kennsluferill hennar. Fjölbrautarskólinn í Breiðholti naut starfskrafta Sigríðar á árunum 1975–1980 en á árunum 1977–1980 var hún jafnframt stundakennari við verkfræðideild Háskóla Íslands. Á níunda áratugnum leitaði Sigríður áskorunar í starfi og kynnti sér tölvutækni sem þá fyrst fór að ryðja sér til rúms fyrir alvöru. Hún vann hjá RARIK á árunum 1980–1986, fyrst sem deildarstjóri áætlanadeildar og síðar tölvudeildar. Sigríður söðlaði um þegar hún hóf eigin rekstur og ráðgjöf árið 1986 með stofnun fyrirtækisins Tölvulausn. Hún varð þar með fyrst kvenna í verkfræðistétt til að setja á fót eigið ráðgjafafyrirtæki. Sigríður vann jafnframt mikilvægt brautryðjendastarf þegar hún varð umboðsaðili hugbúnaðarfyrirtækisins Oracle á árunum 1986–1990 og sölufulltrúi Oracle Danmark 1990–1992. Á árunum 1992–1994 var Sigríður verkfræðingur hjá Neytendasamtökunum en rak eigin verkfræðiráðgjöf frá 1995.

Sigríður gekk til liðs við Verkfræðingafélag Íslands árið 1969 og tók virkan þátt í starfi félagsins. Hún var kjörin í ritnefnd *Tímarits VFÍ* árið 1972, fyrst kvenna. Hún var í stjórn Rafmagnsverkfræðideildar VFÍ á árunum 1971–1972 og var fyrsta konan sem kjörin var til trúnaðarstarfa á vegum deildarinnar. Árið 1977 voru merk tímamót í sögu Verkfræðingafélags Íslands þegar Sigríður var kjörin í stjórn félagsins, fyrst kvenna.

Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands hefur ákveðið að heiðra Sigríði Ágústu Ásgrímsdóttur. Hún er merkur brautryðjandi í sögu verkfræðinga og kvenna á Íslandi.